

FYLGISKJAL NR. 1051

DAGS 23.02.2006

SAMANTEKT:

Bæjarráðsfundur Mosfellsbæ nr. 762 (Ekki getið sérstaklega um hverjir sátu fundinn en miðað við þá sem tóku til máls má sjá að þeir voru Ragnheiður Ríkharðsdóttir, SÓJ, Jónas, Þröstur Karlsson og Haraldur Sverrisson).

Sagt að Haraldur Sverrisson hafi vikið af fundi „undir þessum dagskrárlið“.

Samþykkt með tveimur atkvæðum að staðfesta framlögð drög (3) að samkomulagi milli lóðarhafa og Mosfellsbæjar varðandi byggingarrétt á ofangreindum lóðum, þ.e. Hamrafelli, Hulduhólum og Láguhlíð sem og Brúarhól, Vinja og lóðum í miðbæ Mosfellsbæjar).

Meðfylgjandi er minnisblað frá Stefáni Ómari Jónssyni bæjarritara sem ritað er til bæjarráðs Mosfellsbæjar. Varðar það samning milli Mosfellsbæjar og Leirvogstungu ehf.

Lagði bæjarritari til, með vísan í samninga sem bærinn hefur áður gert, að bæjarráð fallist á endurbætta útgáfu af drögum að samkomulagi við lóðarleiguhafa á þessu svæði.

Breytingar fólgnar í nýjum greinum nr. 4, 5 og 6.

